

## **Sveitarfélagið Ölfus, auglýsing á breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu - Hellisheiðarvirkjun.**

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum 27. mars 2014 að heimila auglýsingu að tillögu á 8. breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir virkjun á Hellisheiði ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Erindi frá Orku náttúrunnar er um 8. breytingu á deiliskipulagi sem upphaflega var samþykkt 26. apríl 2004. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 28. október 2010 og öðlaðist gildi 20. desember 2010. Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

**Breytingin var áður auglýst frá 5. apríl 2014 til 17. maí 2014. Ekki komu inn athugasemdir á auglýsingartímanum.** Deiliskipulagið er auglýst aftur til að uppfylla ákvæði um staðfestingu eftir auglýsingu.

Ekki verður farið í sérstakar rannsóknir vegna umhverfismats, heldur stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis og upplýsinga sem fram komu í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir virkjun á Hellisheiði, skýrslu frá 2003 um 120MW rafstöð og allt að 400 MW varmastöð, frá 2005 um stækkun Hellisheiðarvirkjunar, frá 2008 um færslu á vélum 5 og 6 og frá 2008 um breytingu á niðurrennslistvæðum Hellisheiðarvirkjunar.

Fram kemur í umhverfisskýrslu, liður 2.7.3; "að nýting jarðhita frá Hverahlíð í Hellisheiðarvirkjun eykur ekki magn affallsvatns sem losað verður í niðurrennslisholur. Framkvæmdin leiðir því ekki til breytinga á umhverfisáhrifum af völdum niðurrennslist við Hellisheiðarvirkjun". Fram kemur í kafla 2.7.4 í umhverfisskýrslunni að; "loftgæðamælingar sýna að styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur aukist á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar frá gangsetningu virkjunarinnar. Framkvæmdaraðili vaktar útblástur frá virkjuninni og vinnur að því að finna lausn á hreinsun brennisteinsvetnis úr útblæstri hennar. Nýting jarðhita í Hverahlíð eykur ekki útstreymi jarðhitalofttegunda frá Hellisheiðarvirkjun. Breytingin felur í sér að gufu fyrir Hellisheiðarvirkjun verður aflað á stærra svæði en áformað var. Fyrirhugaðar lagnir eru taldar hafa óveruleg áhrif á umhverfisþáttinn loft". Breytingin nær til 29 liða sem koma fram á uppdrætti og í greinargerð. Fyrir utan þessar breytingar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 20. desember 2010. Deiliskipulagsgögn hafa verið kynnt á opnum fundi og einnig til lögboðinna umsagnaraðila. Deiliskipulagsgögn hafa verið lagfærð eftir ábendingar frá Vegagerðinni um veltengingu við Gígahnúkaveg. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingum ásamt umhverfisskýrslum liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillagan verður einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillagan er til kynningar frá 19. janúar 2016 til 2. mars 2016. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 2. mars 2016 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.